

Ed. 88. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]
um alþjóðlegt ráðstefnuhús í Reykjavík.

Flm.: Tómas Karlsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að kannaðir verði möguleikar á, að reist verði í Reykjavík alþjóðlegt ráðstefnuhús af fullkornustu gerð. Skal ríkisstjórnin í þessu sambandi leita samráðs og samvinnu við þá innlenda aðila, sem að ferða- og gístimálum starfa, og kanna, hvort alþjóðastofnanir og alþjóðleg fyrirtæki mundu vilja hafa afnot af slíku ráðstefnuhúsi í Reykjavík og hugsanlega eignast hlutdeild í því með fjárframlögum, er veittu viðkomandi forgangsrétt til afnota hússins. Þyki vænlegt að reisa slíkt hús í því augna-

miði að auka tekjur íslenskra aðila af ferðamannaþjónustu, skal ríkisstjórnin hafa forustu um að mynda samtök aðila, sem áhuga hefðu á að eiga húsið ásamt íslenska ríkinu og reka það. Enn fremur skal kanna, hvort fánleg væru lán með góðum kjörum til að koma húsinu upp á skömmum tíma.

Greinargerð.

Í umræðum þeim, sem orðið hafa um framtíðarhorfur í atvinnumálum þjóðarinnar á næstu áratugum, hefur mikilvæg atvinnugrein, sem telja má að gæti átt sér mikla og bjarta framtíð á Íslandi, ef rétt væri á málum haldið, legið mjög í láginni, þegar rætt hefur verið um þá möguleika, sem fyrir hendi eru til að skapa atvinnu handa þeim mikla fjölda, sem bætist við mannaflann á vinnumarkaðinn á komandi tímum. Þessi atvinnugrein er ferðamannaþjónusta og sú fjölbreytilega þjónustustarfsemi, sem henni fylgir. Ástæðurnar til þess, að þessi mál hafa legið svo mjög í þagnargildi, geta vart verið aðrar en þær, að skilningur á möguleikum þessarar atvinnugreinar sé næsta lítill meðal ráðandi afla í þjóðfélaginu. Menn hafi enn vantrú á, að við getum unnið stórvirki á þessu sviði. Enginn vafi er samt á því, að skilningur á nauðsyn þess að gera Ísland að ferðamannalandi hefur farið vaxandi með ári hverju, og hefur löggjafinn m. a. sýnt það í verki, þótt þau framfaraspor hafi verið æði stutt. Þau eru þó spor í rétta átt. Þá er rétt að geta þess, að fyrir hv. Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu ferðamannaþjónustu hér á landi, og sýnir það, að meðal hluta alþingismanna hefur sú skoðun þó fest rætur, að betur þurfi að þessum málum að standa, ef duga skal. Vonandi samþykkir hv. Alþingi umrædda tillögu, og gæti sú tillaga, sem hér er flutt í hv. efri deild, þá orðið liður í þeirri áætlun, sem lagt hefur verið til að gerð verði.

Hin ævintýrlega þróun flugtækninnar hin síðari ár hefur gert það að verkum, að með hverju árinu sem líður verður auðveldara og ódýrara að komast landa og heimsálfa milli. Ferðalög landa milli eru orðin ákveðinn og sívaxandi þáttur sjálf-sagðra lífskjara í hinum betur megandi ríkjum. Fullyrt er af þeim, sem gerst eiga að vita í þessum efnum, að farþegafjöldi í áætlunarflugi muni þrefaldast á næstu sjö árum og fjórfaldast á næstu 10 árum. Þótt okkur tækist ekki að heina hingað til lands nema litlu broti af þessari miklu og skjótu aukningu ferðamannastraumsins, mundi þar samt vera um geysilegar fúlgur að ræða, sem rynnu í okkar þjóðarhú. Það er talið, að ferðamannaþjónusta sé sú atvinnugrein, sem langmestum arði skili miðað við fjárfestingu.

Hér er vikið að aðeins einum þætti, sem gæti haft mikla þýðingu til að hraða heppilegri þróun þessara mála hér á landi. Það er, að stofnað verði hér til aðstöðu til að halda á Íslandi ráðstefnur og fundi, sem árlega er efnt til í þúsundatali víðs vegar um heim. Stærsti hluti þessara ráðstefna og þær fjölmennustu eru sóttar af mönnum frá Ameríku og Evrópu. Ísland er áttvíst á tvennar álfustrendur, og flugsamgöngur við landið eru nú þegar mjög góðar frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og Evrópu. Íslensku flugfélögin, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, hafa þar forustu, en einnig fljúga hingað vélar Pan American og SAS, og á næstunni hefst áætlunarflug BEA hingað. Á síðari árum hefur fjöldi alþjóðlegra ráðstefna og fundir og ráðstefnur alþjóðlegra stórfyrirtækja í Ameríku og Evrópu mjög farið í vöxt. Ísland stendur um þjóðbraut þvera í Atlantshafi, og hingað er stutt að fara til ráðstefnuhalds, bæði frá Ameríku og Evrópu, og Loftleiðir bjóða t. d. upp á lægstu fargjöld milli Íslands og Ameríku, sem í boði eru. Ísland er „nýtt“ ferðamannaland, sem marga langar að sækja heim, ekki sízt þá, sem mikið sækja alþjóðaráðstefnur og fundi og búnir eru að heimsækja flesta hluta heimsbyggðarinnar. Hér er friðsamt og næði gott til fundarhalda, miklir möguleikar til útiveru og náttúruskoðunar og margs konar íþróttar. Loftslag er hér þægilegt allajafna, þótt óstöðugt sé á stundum. Jafnvel kuldinn og snjórinn er eftirsóknarverður í augum margra Suðurlanda-